

5. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

28. maí 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Sigríður Ösp
(áheyrnarfulltrúi félagaráðs)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 15:42.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta stjórnarfundar

Stjórn fer yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar og er hún samþykkt.

2. Samtökin '78 á Hinsegin dögum

Búið er að opna fyrir umsóknir í gleðigöngupott Hinsegin daga. Ákveða þarf hvernig þátttöku þeirra verður háttað í ár og hver skilaboðin verða. Stjórn ákveður að þema Samtakanna í göngunni í ár verði samstaða með trans fólki. Einnig er ákveðið að auglýsa eftir sjálfboðaliðum til að taka þátt í undirbúningi gönguatriðis.

3. Hinsegin Vesturland

Hugmynd er uppi um að Samtökin '78 sendi hóp á Hinsegin Vesturland, 27.-28. júní. Stjórn ræðir það og aðrar hinsegin hátíðir sumarsins. Einnig ætla fulltrúar Samtakanna á Budapest Pride. Ákveðið er að deila ákalli Budapest Pride um alþjóðlega þátttöku í göngu þeirra á samfélagsmiðlum Samtakanna.

4. Reykjavíkurmaraþon

Stjórn telur mikilvægt að byrja sem fyrst að kynna fjáröflun Samtakanna '78 í Reykjavíkurmaraþoni á samfélagsmiðlum.

4. Önnur mál

Jóhannes veltir fyrir sér hlutverki Samtakanna '78 og Íslands í breyttri heimsmynd. Hann stingur upp á að Samtökin deili reynslu sinni af t.d. fjáröflun með baráttufólki úti í heimi. Stjórn ræðir þetta og alþjóðastarf á víðum grundvelli.

Fundi slitið: 16:25.